



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2008 og tillaga um ágangssvæði og veiðikvóta 2009

Lagt fyrir Hreindýraráð og veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunnar
á fundi þann 17. nóvember 2008

*Skarphéðinn G. Þórisson
Rán Þórarinsdóttir*



NA-090094
Egilsstaðir
Maí 2009

Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2008 og tillaga um ágangssvæði og veiðikvóta 2009

Lagt fyrir Hreindýraráð og veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunnar
á fundi þann 17. nóvember 2008

Skarphéðinn G. Þórisson
Rán Þórarinsdóttir

NA-090094



Mái 2009

<i>Inngangur</i>	1
<i>Veðin 2008 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2009</i>	1
<i>Skoðun einstakra veiðisvæða</i>	3
Svæði 1	3
Svæði 2	4
Svæði 3	5
Svæði 4	6
Svæði 5	6
Svæði 6	6
Svæði 7	6
Svæði 8	7
Svæði 9	8
<i>Endurskoðuð kynja- og aldursamsetning</i>	8
<i>Þéttleiki í vetrarhögum</i>	9
<i>Almennt um veiði</i>	9
Fallþungi	10
Kjálkasöfnun	11
Tillaga um ágangssvæði 2009 og mat á ágangi 2008	12
<i>Heimildir</i>	13
<i>Fylgiskjal 1</i>	15
Könnun á frjósemi hreindýra á Fljótsdalshéraði 18. apríl og Suðurfjörðum 19. apríl 2008.....	15
<i>Fylgiskjal 2</i>	19
Fjöldi og dreifing hreindýra N Vatnajökuls 5. júlí 2008 og samanburður við talningu 9. júlí 2007	19
<i>Fylgiskjal 3</i>	23
Minnisblað um hreindýr á svæði 9 og fjölda þeirra á veiðitíma 2008	23
<i>Fylgiskjal 4</i>	27
Samsetning hreindýrastofnsins á fengitíma 2008	27
<i>Fylgiskjal 5</i>	33
Hreindýraskoðun á suðurfjörðum í októberlok 2008	33
<i>Fylgiskjal 6</i>	35
Hagaganga hreindýra 2008	35
<i>Svæði 1</i>	35
<i>Svæði 2</i>	37
<i>Svæði 3</i>	43
<i>Svæði 4</i>	45
<i>Svæði 5</i>	47
<i>Svæði 6</i>	49
<i>Svæði 7</i>	49
<i>Svæði 8</i>	51
<i>Svæði 9</i>	51
<i>Skammstafaðir heimildamenn:</i>	52

Inngangur

Drög að þessari skýrslu voru lögð fyrir Hreindýraráð og veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar á fundi þann 17. nóvember 2008 þar sem tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2009 var m.a. til umræðu.

Áætlað er að vetrarstofn hreindýra á Austurlandi 2008-2009 verði um 5200 dýr sem er í við meira en síðasta vetur vegna vanmats stofnsins einkum á svæðum 7 og 8. Miðað við svipaðan veiðikvóta er reiknað með stöðugum stofni í heildina þó það geti verið breytilegt á milli svæða. Síðast liðið haust var kvótinn hærri en áður án þess að fækka dýrunum líklega vegna lágrar dánartíðni og hagstæðs tíðarfars. Miðað við 5% heildardánartíðni og að hlutur kálfa af heild að sumri sé 30% yrði heildarstofninn í sumarbyrjun 2009 rúm 6400 dýr.

Hér á eftir verða verður veiðin 2008 krufin, síðan gerð tillaga um veiðikvóta 2009 og útskýrt hvað þar liggur til grundvallar. Því næst verða einstök veiðisvæði skoðuð nánar með tilliti til fjölda hreindýra og aldurs- og kynjasamsetningar og kannaður fallþungi dýra eftir svæðum.

Lagt er til að skipting hreindýrahaga á Austurlandi í ágangssvæði árið 2009 haldist óbreytt frá 2008. Að lokum eru örfáar breytingar á mati á ágangi fyrir 2008 reifaðar.

Lagt er til að kvótinn 2009 verði 1333 dýr sem er sama tala og 2008. Að óbreyttum forsendum ætti það að leiða til lítt breyttrar stofnstærðar en þó fækkunnar á svæði 2 og aukins hluta tarfa á flestum svæðum. Hvatt er til þess að leita leiða til að draga úr álagi á hreindýrin á svæði 2 á veiðitíma. Að öðru leyti er lagt til að þær reglur sem giltu um veiðarnar 2008 verði óbreyttar. Sex skjöl fylgja skýrslunni; „Frjósemi 2008“, „Sumartalning 2008“, „Samsetning á fengitíma“, „Samsetning og dreifing í októberlok á svæðum 6-9“ og „Dagbók um hagagöngu hreindýra 2008“.

Veiðin 2008 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2009

Veiðikvótinn var 1333 dýr haustið 2008 og náðust öll nema 15. Þar munar mest um sex kýr og tvo tarfa á svæði 9. Til viðbótar voru skotnir 208 kálfar, flestir eða 148 á svæði 2 og 24 aukadýr (1. tafla).

Svæði	Kvóti 2008		eftir af kvóta	Fellt 2008			Auka		Samt. 2008
	Kýr	Tarfar		Kýr	Tarfar	Kálfar	Kýr	Tarfar	
1	5	94		29	158	11	2	1	201
2	486	222		462	158	149	12	5	786
3	35	10	6	29	10	8			47
4	23	19		23	19	0			42
5	68	55	1	67	55	9			131
6	0	35		0	35	0		1	36
7	60	70		60	70	19		2	151
8	38	53		38	53	6			97
9	35	25	8	29	23	7		1	61
Samt:	750	583	15	737	581	209	14	10	1552
		1333			1318				


1. tafla. Veiðikvóti 2008 og veidd hreindýr samkvæmt veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar.

Svæði	Áætlaður	5%	Vetrarstofn	Nýliðun	Kvóti 2009		
	vetrarstofn	heildar	að vori	2009	Kýr	Tarfur	Alls
	2008-2009	dánartíðni	1.3				
1	500	475	618	118	11	66	77
2	2000	1900	2470	470	536	134	670
3	300	285	371	71	40	20	60
4	200	190	247	47	27	13	40
5	500	475	618	118	83	40	123
6	200	190	247	47	10	25	35
7	700	665	865	165	100	60	160
8	600	570	741	141	91	35	126
9	200	190	247	47	27	15	42
Samtals	5200	4940	6422	1222	925	408	1333

2. tafla. Tillaga um veiðikvóta 2009 eftir veiðisvæðum og áætluð stofnstærð veturinn 2008-2009.

Eins og fyrr segir er áætlað að vetrarstofn hreindýra 2008-2009 verði um 5200. Skipting hans eftir veiðisvæðum er sýnd á 1. mynd. Miðað við að náttúruleg dauðsföll séu í lágmarki (heildardánartíðni 5%) og 30% nýliðun (meðaltal 1979-2006 samkvæmt sumartalningum á Snæfellsöræfum) mun veiðistofn hreindýra verða rúm 6400 dýr haustið 2009 (2. tafla). Að gefnum þessum forsendum og tillögum um veiðikvóta mun vetrarstofn 2009-2010 verða svipaður og 2008-2009. Kvótinn tekur þó mið af því að hreindýrum fjölgi á svæði 1 en fækki á 2. Til að stuðla að því er kúakvótinn hækkaður um 50 dýr en bent skal á að það bætist ofan á þá hækkingu sem varð í fyrra. Dregið er úr tarfaveiði víðast hvar þar sem hlutur þeirra virðist heldur lægri en reiknað var með. Nánari skipting veiðikvóta 2009 er sýnd í 3. töflu.

Eins og fyrr er hvatt til að draga úr álagi á hreindýrin á svæði 2 á veiðitíma. Æskilegt væri að veiðin dreifðist betur á veiðitímann. Hugsanlega mætti bjóða upp á að menn keyptu 2 kýr og/eða að lengja veiðitímann til 20. september á kýr og/eða leyfa veiðar eftir fengitíma.



Staðsetning	Kvóti 2008					Kvóti 2009			Breyting frá 2008			
	Kýr	Tarfar	Alls	♀	♂	Kýr	Tarfar	Alls	Kýr	Tarfar	Alls	
Vopnafjarðarhreppur (1)	2	26	28		x0,7	4	18	22	2	-8	-6	
Jökuldalur N og Selland (2)	2	50	52		x0,7	5	35	40	3	-15	-12	
Jökulsárhlið utan Sellands (2)	1	18	19		x0,7	2	13	15	1	-5	-4	
Svæði 1	5	94	99			11	66	77	6	-28	-22	1
Jökuldalur A (2)	146	62	208	x1,1	x0,6	161	37	198	15	-25	-10	
Hróarstunga (4)	40	18	58	x1,1	x0,6	44	11	55	4	-7	-3	
Fellahreppur (5)	65	27	92	x1,1	x0,6	72	16	88	7	-11	-4	
Fljótsdalshreppur (6)	172	73	245	x1,1	x0,6	189	44	233	17	-29	-12	
Vellir V (10)	17	10	27	x1,1	x0,6	19	6	25	2	-4	-2	
Skriðdalur V (11)	12	8	20	x1,1	x0,6	13	5	18	1	-3	-2	
Hjaltastaðahringhá (8)	19	13	32	x1,1	x0,6	21	8	29	2	-5	-3	
Eiðahringhá (9)	15	11	26	x1,1	x0,6	17	7	24	2	-4	-2	
Svæði 2	486	222	708			536	134	670	50	-88	-38	2
Borgarfjarðarhreppur (7)	35	10	45			40	20	60	5	10	15	
Svæði 3	35	10	45			40	20	60	5	10	15	3
Vellir A (10)	5	1	6			7	1	8	2	0	2	
Mjóifjörður (12)	8	10	18			12	8	20	4	-2	2	
Seyðisfjörður (12)	10	8	18			8	4	12	-2	-4	-6	
Svæði 4	23	19	42			27	13	40	4	-6	-2	4
Reyðarfjörður (14)	18	15	33			23	10	33	5	-5	0	
Eski- og Norðfjörður (13)	50	40	90			60	30	90	10	-10	0	
Svæði 5	68	55	123			83	40	123	15	-15	0	5
Skriðdalur A (11)	0	20	20			5	15	20	5	-5	0	
Breiðdalshreppur (15)	0	15	15			5	10	15	5	-5	0	
Svæði 6	0	35	35			10	25	35	10	-10	0	6
Djúpavogshreppur (16)	60	70	130			100	60	160	40	-10	30	
Svæði 7	60	70	130			100	60	160	40	-10	30	7
Hornafj(Lón) (17)	24	35	59			68	25	93	44	-10	34	
Hornafjbær(Nes) (18)	14	18	32			23	10	33	9	-8	1	
Svæði 8	38	53	91			91	35	126	53	-18	35	8
Hornafjbær(Mýrar) (19)	25	15	40			20	10	30	-5	-5	-10	
Hornafj(Suðursveit) (19)	10	10	20			7	5	12	-3	-5	-8	
Svæði 9	35	25	60			27	15	42	-8	-10	-18	9
Samtals kvóti	750	583	1333			925	408	1333	175	-175	0	

3. tafla. Tillaga um veiðikvóta 2009 og samanburður við 2008.

Skoðun einstakra veiðisvæða

Hreindýrahögum á Austurlandi er skipt upp í níu veiðisvæði og er lagt til að skipting þeirra verði óbreytt 2009. Áætlað er að vetrarstofn hreindýra 2008-2009 sé um 5200 dýr og er dreifing þeirra eftir veiðisvæðum sýnd á 1. mynd. Hér á eftir verða hjarðir á hverju svæði skoðaðar nánar.

Svæði 1

Í lok janúar 2008 var áætlað að um 500 hreindýr væru dreifð frá Gilsá og út undir Mel (Eiríkur Skjaldarson). Um svipað leyti fóru menn vítt og breitt um heiðina á snjósleðum og sáu til viðbótar um 60 dýr við Rangalón. Í mars voru stórir hópar í Háreksstaðaheiði en á sama tíma um 100 tarfar mættir á Hvannártún á Jökuldal. Tarfar gengu nú líka utar á dalnum og innst í Hlíð, þannig voru um 70 tarfar á Fossvallatúni um miðjan maí. Eins og síðast liðið ár lentu þessir tarfar allir norður í Sandfell og nágrenni og enginn eða fáir þeirra fóru inn í Kringilsárrana. Þeir fundust ekki í júlitalningu en árið áður voru rúmlega 300 tveggja ára og eldri tarfar í Sandfellinu. Í Kringilsárrana fundust nú 197 dýr eða 60 færri en árið á undan, þar af 6 fullorðnir tarfar. Um miðjan september var talið að 6-700 dýr væru upp af Eiríks- og Hákonarstöðum svo og í Skjöldólfsstaðaheiði

Í flugi 5. október 2008 fundust um 400 dýr í Tunguheiði frá Vopnafjarðarvegi norðan Mels, í Háreksstaðaheiði og á Kollseyrudal (4. tafla).


Eins og fyrr tekur veiðikvótinn mið af því að talið er æskilegt að dýrum fjölgi á þessu svæði. Vegna þess er hvatt til þess að stilla kúaveiðum í hóf. Eins og sést á 4. töflu virðist fullorðnum törfum hafa fækkað all mikið. Bent skal á að í flugtalningunni 2008 var snjór á jörðu og sýni því ekki eins og best verður á kosið. Það er talið skýra það að engir stakir tarfar eða fáir saman sáust á hlaupum á milli hópa. Talningin 2007 á þessu svæði tókst mun betur og endurspeglast það m.a. í fjölda veturgamalla tarfa sem eru án efa vanmetnir 2008 sem og fullorðnir tarfar. Kúaveiði hefur verið stillt í hóf á svæði 1 svo eðlilegt er að þeim fjölgi hlutfallslega á kostnað tarfa. Þó svo að talið sé að tarfar séu eitthvað fleiri en fundust í talningu 2008 er hvatt til þess að fara varlega og því að draga nokkuð úr tarfaveiði. Kúakvótinn hækkar lítillega á móti. Veiddar kýr eru þó það fáar að ekki er talið að veiði þeirra hafi nein afgerandi áhrif á hugsanlegt landnám þeirra á norðausturlandi (Skarphéðinn G. Þórisson 2008).

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	3-♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	1	155	35	111	25	60	14	50	11	64	15	174	40	440	28.10.07
2008	1	191	48	102	26	39	10	28	7	38	10	105	27	398	5.10.08

4. tafla. Samanburður á samsetningu breindýrastofnsins á svæði 1 árin 2007 og 2008.

Svæði 2

Fjöldi og dreifing hreindýra á láglandi í vetur var eins og oft áður. Meira bar þó á stórum tarfahópum á Út- og Miðhéraði í vor og sumar. Talið er líklegt að all stór hluti þeirra hafi ekki skilað sér inn á Fljótsdalsheiði þaðan sem þeir voru taldir komnir. Hér var fyrst og fremst um tvo hópa að ræða, mest tarfa, annan út við Héraðsflóann en hinn mest í Eiðarþinghá eða bæði á svæði 3 og 4. Þann 7. september fóru um 70 tarfar um kl. 10³⁰ úr Húseyjarlandi áleiðis inn á Fellaheiði og voru komnir þangað um kl. 16³⁰. Hinn hópurinn var um 100 tarfar og er talið líklegt að einhverjir hafi skilað sér inn á Fljótsdalsheiði seinni part sumars. Talið er líklegt að um 40 þeirra hafi farið um Gagnheiði yfir í Mjóafjörð þar sem eitthvað var skotið úr hópnum. Þann 16. september sást til tarfa á Stafdal, 220 dýr þá sunnan í Bjólfinum og sameinuðust þau síðan og héldu til á Fjarðarheiði næstu daga (6. tafla). Um miðjan júní sáust um 500 dýr vestan Eyvindarfjalla en engin austan þeirra. Í sumartalningu norðan Vatnajökuls í júlí 2008 fundust rúm 2600 hreindýr, flest á utananverðri Fljótsdalsheiði (fylgiskjal 2). Árið áður voru þau um 200 fleiri. Talið er að munurinn stafi af um 50 dýra hópi sem fannst ekki á Vesturöræfum og því að fleiri dýr héngu nú á láglandi en árið áður. Það skýrir muninn á talningunum að hluta en að öðru leiti skýrist það af handvirkri fækkun dýranna. Nú bar svo við að hreindýrahóparnir á Fljótsdalsheiði voru allir utan Kröflulínu og 453 af 2293 í Fellaheiði (2. mynd).



2. mynd. Sumartalningar á Snafellsbjörðinni 2002-2008. Örfunum er skipt í fimm svæði: Vestan Jöklu (Kringilsár-rani og Sandafell), Fljótsdalsheiði (utan Laugarár), Vesturöræfi, Undir Fellum (austan Snafells og fella að austurbakka Jökulsár í Fljótsdal út að Laugará) og Múla (austan Jökulsár í Fljótsdal að Innri Sauða). (Skarphédinn G. Þórisson 2002-2003, 2007-2008, Skarphédinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2004, Rán Þórarinsdóttir 2005-2006).

Aldurs- og kynjasamsetning á svæði 2 er sýnd í 5. töflu (sjá einnig fylgiskjal 4) þar sem samsetning nú og í fyrra er borin saman. Þar sést að hlutfallslega fækkar törfum aðeins. Hluttur þeirra mætti vera mun meiri og endurspeglast það í kvótatillögum. Þar sem breytilegt virðist vera á milli ára hversu margir tarfar koma úr Norðurheiðinni á fengitíma yfir á svæði 2 svo og að fullorðnir tarfar af láglendi skili sér ekki inn á hefðbundnar slóðir á Fljótsdalsheiði getur verið erfitt að leggja til æskilegan tarfakvóta. Hér verða þeir þó látnir njóta vafans og því dregið verulega úr henni. Þess ber líka að geta að úrtak dýra á svæði 2 er í það lægsta svo marktæknin er minni en æskilegt væri.

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	3-♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	2	369	45	277	34	93	11	42	5	35	4	170	21	816	30.9.07
2008	2	331	50	207	31	72	11	29	4	20	3	121	18	659	2.10.08

5. tafla. Samanburður á samsetningu breindýrastofnsins á svæði 2 árin 2007 og 2008.

Svæði 3

Eins og fyrr segir voru um 220 dýr í Bjólfinum í Seyðisfirði á svæði 4 um miðjan september. Talið var víst að þau tilheyrðu Víknaahjörðinni á svæði 3. Í septemberlok voru þau orðin 253 eftir að tarfahópur sem líklega hafði gengið á Miðhéraði um sumarið og ættaður innan af Fljótsdalsheiði hafði bæst við (6. tafla). Þá var vitað um a.m.k. 7 fullorðna tarfa til viðbótar á svæði 3.

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	3-♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	3	75	46	55	34	11	7	9	6	13	8	33	20	163	30.9.07
2008	3	111	44	84	33	6	2	9	4	43	17	58	23	253	29.9.08

6. tafla. Samanburður á samsetningu breindýrastofnsins á svæði 3 árin 2007 og 2008.

Í 6. töflu sést að hluttur þriggja ára og eldi tarfa er það hæsta sem þekktist nú í hreindýrahjörðum á Austurlandi og samt vantaði einhverja tarfa í hópinn. Nú er gengið út frá því að vetrarstofninn á svæði 3 verði nálægt 300 en í fyrra var hann áætlaður 200 og því er lagt til að hækka kvótann nokkuð.

Svæði 4

Um 40 dýr voru við utanverðan Seyðisfjörð að sunnan í janúar 2008 og í smalamennsku í september sáu Mjófirðingar svipaðan fjölda fyrir ofan Brekku. Seinni hluta vetrar var töluvert af dýrum, einkum törfum á vestasta hluta svæðis 4 en talið að megnið af þeim hafi tilheyrt svæði 2 og 5.

Þann 5. október fundust 99 hreindýr í Skolleyrardal í sunnanverðum Mjóafirði (7. tafla). Reiknað er því með að um 200 hreindýr gangi á svæði 4 í vetur fyrir utan þau dýr sem slæðast þar inn frá öðrum svæðum. Hlutur tarfa virðist þokkalegur og því lagðar til litlar breytingar.

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	3-♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	4	29	39	26	35	5	7	5	7	10	13	20	27	75	28.10.07
2008	4	41	41	29	29	12	12	5	5	12	12	29	23	99	5.10.08

7. tafla. Samanburður á samsetningu hreindýrastofnsins á svæði 4 (Mjóafirðarhjórd) árin 2007 og 2008.

Svæði 5

Hreindýrum á svæði 5 hefur verið skipt í tvær hjarðir, Sandvíkurhjórd og Reyðarfjarðarhjórd og virðist lítil samgangur hafa verið þar á milli undanfarin ár. Fjöldi og hagaganga hreindýra á svæði 5 virðist lítið breytt en þó eru vísbendingar um að vetrarstofninn sé nær 500 dýrum en 450. Niðurstöður athuganna um fengitíma benda til þess að fullorðnum törfum gæti hafa fækkað (8. og 9. tafla). Því er lagt til að minnka hlut þeirra í kvótanum.

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	3-♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	5	66	44	41	27	15	10	10	7	18	12	43	29	150	2.10.07
2008	5	98	51	46	24	21	11	12	6	16	8	49	25	193	5.10.08

8. tafla. Samanburður á samsetningu hreindýrahópa á svæði 5 (Sandvíkurhjórd) á fengitíma 2007 og 2008.

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	3-♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	5	48	42	28	25	17	15	12	11	9	8	38	33	114	28.10.07
2008	5	76	50	49	32	9	6	9	6	10	7	28	18	153	5.10.08

9. tafla. Samanburður á samsetningu hreindýrahópa á svæði 5 (Reyðarfjarðarhjórd) á fengitíma 2007 og 2008.

Svæði 6

Um miðjan janúar 2008 var talið að hátt í 200 dýr væru á Öxi og um 100 í Breiðdal. Hugsanlegt er að Axardýrin eða a.m.k. hluti þeirra sé af svæði 7. Því er reiknað með svipuðu ástandi hér nú og í fyrra. Eins og víðast annars staðar er talið ráðlegt að draga úr tarfaveiði á kostnað kúnna.

Svæði 7


Um mánaðarmótin mars-apríl taldi Skúli Benediktsson hreindýr á svæði 7 og fékk 631 dýr. Því er greinilegt að vetrarstofninn þar var vanmetinn (600) og því reiknað með því nú að hann sé nær 700. Þann 5. október var leitað úr lofti að dýrum á svæði 7 en aðeins 228 fundust en mikið af slóðum sást innst í Hamarsdal. Leitað var af landi í októberlok og fundust þá helmingi fleiri dýr en samsetning hópa svipuð (10. tafla). Hlutur tarfa hér var samkvæmt þessum gögnum helst til of lítill og því lagt til að draga úr tarfaveiði en auka kúaveiði. Ýmislegt bendir þó til þess að fjöldi tarfa sé eitthvað vanmetinn.

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	3-♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2008	7	111	49	63	28	25	11	14	6	15	7	54	24	228	5.10.08
2008	7	235	44	164	31	64	12	24	4	48	9	136	25	535	30.10.08

10. tafla. Samsetningu hreindýrahópa á svæði 7 á fengitíma og í októberlok 2008.


Svæði 8

Hreindýrum virðist hafa fjölgað á svæðinu. Stór hluti þeirra gengur nærri þjóðvegi á veturnum og hafa dýr lent fyrir bílum og hefur það aukist mjög hin síðari ár (3. mynd).




3. mynd. Fjöldi hreindýra sem urðu fyrir bílum árin 1999 til 2008.

Þjóðvegurinn í Lóni og Kárahnjúkavegur eru hættulegustu veginir fyrir hreindýr á Austurlandi (4. mynd).



4. mynd. Fjöldi ákeyrðra hreindýra eftir stöðum

Skammtdegið er hættulegasti tími ársins. Eins og sést á 5. mynd verða flest dýr fyrir bílum í nóvember til janúar.



5. mynd. Áreksstrar við hreindýr eftir mánuðum á árunum 1999 til 2008.

Ekki náðist að skoða samsetningu stofnsins á fengitíma 2008 en í októberlok voru talin og greind þar 465 dýr (11. tafla). Áætlað er að vetrarstofn á svæðinu sé nálægt 600 dýrum sem er nokkru herra en talið hefur verið hingað til. Vegna þess er lagt til að auka kvóta á svæðinu verulega og þá fyrst og fremst á kýr.

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	3-♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	8	115	48	65	27	24	10	15	6	21	9	60	25	240	8.10.07
2008	8	236	51	130	28	53	11	24	5	22	5	99	21	465	31.10.08

11. tafla. Samsetning hreindýrahjarða 8. október 2007 (flugtaling) og 31. október 2008 (landtalingu) á svæði 8.

Svæði 9

Á svæði 9 var áætlaður vetrarstofn 2007-2008 um 200 hreindýr en 186 hreindýr voru talin á Mýrum 8. október 2007 (12. tafla). Út frá því var áætlað að veiðistofn yrði um 260 dýr og kvótinn ákveðinn 60 til að stuðla að því að hreindýrum fjölgaði ekki á svæðinu.

Erfiðlega gekk að finna hreindýr á veiðitíma 2008 og á hluta svæðisins, Fláajökull – Hoffellsjökull höfðu landeigendur bannað veiðar. Vegna þessa fékk Umhverfisstofnun Náttúrustofu Austurlands til að leita að hreindýrum úr flugvél þann 5. september 2008. Niðurstaða þeirrar könnunar er sýnd í 3. fylgiskjali.

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	3-♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	9	82	44	57	31	23	12	12	6	12	6	47	25	186	8.10.07
2008	9	81	45	45	25	12	7	9	5	21	12	42	24	181	31.10.08

12. tafla. Samanburður á samsetningu hreindýrahópa á svæði 8 á fengitíma 2007 og 2008.

Athugun 31. október 2008 benti til þess að fjöldi hreindýra á svæði 9 væri svipaður og árið áður. Nokkuð ljóst virðist þó vera að hluti hjarðarinnar gekk á svæði 8 yfir sumarið og á veiðitíma.

Endurskoðuð kynja- og aldurssamsetning

Erfiðlega getur reynst að greina veturgamla tarfa frá kúm og þá einkum á loftmyndum. Athuganir benda til þess að hann sé nálægt 12% af heild. Þar sem þeir eru friðaðir ætti hlutfall þeirra að vera svipað alls staðar. Í 13. töflu er búið að fastsetja þá í 12% á kostnað kúa. Hafa ber þetta í huga er hlutur tarfa í 4. til 12. töflu er skoðaður.

		♀	%	Kálfur	%	V ♂	%	2 ♂	%	ad ♂	%	Σ 2-♂	%	n		% ♂
2007	1	162	37	111	25	53	12	50	11	64	15	114	26	440	Jökuldalsheiði	38
2008	1	182	46	102	26	48	12	28	7	38	10	66	17	398	Jökuldalsheiði	29
2007	2	364	45	277	34	98	12	42	5	35	4	77	9	816	Fljótsd-Fellaheiði	21
2008	2	324	49	207	31	79	12	29	4	20	3	49	7	659	Fljótsd-Fellaheiði	19
2007	3	66	40	55	34	20	12	9	6	13	8	22	13	163	Víknahjörð	25
2008	3	87	34	84	33	30	12	9	4	43	17	52	21	253	Víknahjörð	33
2007	4	25	33	26	35	9	12	5	7	10	13	15	20	75	Mjóafjarðarhjörð	32
2008	4	41	41	29	29	12	12	5	5	12	12	17	17	99	Mjóafjarðarhjörð	29
2007	5	63	42	41	27	18	12	10	7	18	12	28	19	150	Sandvíkurhjörð	31
2008	5	96	50	46	24	23	12	12	6	16	8	28	15	193	Sandvíkurhjörð	27

2007	5	51	45	28	25	14	12	12	11	9	8	21	18	114	Reyðarfjarðarhjørð	30
2008	5	67	44	49	32	18	12	9	6	10	7	19	12	153	Reyðarfjarðarhjørð	24
2008	7	109	48	63	28	27	12	14	6	15	7	29	13	228	Álftafjarðarhjørð	25
2007	8	110	46	65	27	29	12	15	6	21	9	36	15	240	Nesja-Lónsfjöll	27
2007	9	83	45	57	31	22	12	12	6	12	6	24	12	186	Mýrar	24
2008	9	73	43	45	27	20	12	9	5	21	13	30	18	168	Mýrar	30
2007	Σ	873	42	632	31	249	12	143	7	173	8	316	15	2070		27
2008	Σ	906	46	580	29	237	12	106	5	154	8	260	13	1983		25

13. tafla. Endurskoðuð samsetning í breindýrastofninum þar sem gengið er út frá því að veturgamlir tarfar séu 12%

Stefnt er að því að hlutur tarfa af heild sé um 30%. Samkvæmt 13. töflu er hann 25% og hefur lækkað aðeins frá því í fyrra. Vegna þess er víða dregið úr tarfakvóta. Bent skal þó á að hlutur tarfa er breytilegur á milli svæða.

Þéttleiki í vetrarhögum

Veiðisvæði	Hjørð	Vetrarstofn 2008-2009	km ²	Hreinn/km ²
1	Norðurheiðahjørð	500	5760	0,1
2	Fljótaldalshjørð	2000	3330	0,6
1&2	Snæfellshjørð	2500	9090	0,3
3	Víknahjørð	300	980	0,3
4a	Seyðisfjarðarhjørð	100	590	0,2
4b	Mjóafjarðarhjørð	100	70	1,4
4	Fjarðahjørð	200	650	0,3
5a	Sandvíkurhjørð	320	360	0,9
5b	Reyðarfjarðarhjørð	180	310	0,6
5	Fjarðabyggðahjørð	500	670	0,7
6	Axarhjørð	200	1200	0,2
7	Álftafjarðarhjørð	700	1090	0,6
8	Lónshjørð	600	1030	0,6
9	Mýrahjørð	200	500	0,4
		5200	15210	0,3


14. tafla. Þéttleiki mismunandi hjarða að vetrarlagi.

Almennt um veiði


Eins og fyrr segir safnar Náttúrustofa Austurlands gögnum úr veiðinni. Í þeim felast upplýsingar um hvar dýrin voru felld, fallþunga, þykkt bakfitu og ætlaðan aldur út frá sliti jaxla. Einnig hefur kjálkum verið safnað til nákvæmari aldursgreiningar út frá áhringjum í framtönnum. Lengd kjálkana segir til um þroska dýranna og getur því verið mælistika á lífsskilyrði þeirra (Strand o.fl. 2006). Í athugunum árin 1979 til 1981 kom í ljós marktækur munur á kjálkalengd dýra af Fljótaldalsheiði annars vegar og hins vegar á Jökuldalsheiði og Austfjörðum (Skarphéðinn Þórisson 1983). Enn hefur ekki unnist tími til kjálkamælinga og aldursgreininga en vonast til að það náist 2009.

Fallþungi

Þegar meðalfallþungi 3-5 ára mylkra kúa er borin saman á svæði 2 og hins vegar svæðum 3-7 sést að í flestum árum er all mikill munur á þyngd kúnna fjörðunum í vil. Nokkuð góð samsvörun er á milli svæðanna í tímans rás (6. mynd). Því er eðlilegast að álykta að sömu umhverfisþættir ráði þar mestu og líklegt er að árferði vegi þar þungt. Eins og sést hefur fallþungi verið á niðurleið síðustu árin þrátt fyrir afburða snjólétta vetur. Bendir það til þess að árferði að vori og sumri eða yfir gróandann skipti hér mestu máli. Kýrnar voru þyngstar á svæðum 3 til 7 haustið 2003 en ári fyrr á svæði 2. Áhyggjur vekur að fallþunginn heldur áfram að falla á svæði 2 og hefur ekki orðið lægri síðasta rúman áratuginn. Sambærileg breyting er á svæðum 3-7. Kýr á svæði 1 eru rúmum 4 kg þyngri að meðaltali en á svæði 2 (6. mynd). Er það í samræmi við niðurstöður rannsókna frá 1980-81 (Skarphédinn Þórisson 1983).




6. mynd. Samanburður á meðalfallþunga 3-5 ára mylkra kúa á svæði 2 og svæðum 3-7 árin 1995 til 2008. Sýnastærð undir ártölum.



7. mynd. Samanburður á meðalfallþunga 3-5 ára mylkra kúa á svæðum 1-7 árin 2008.

Hæstur er fallþungi kúa á svæði 5 en svipaður á öðrum fjarðarsvæðum (7. mynd). Á 8. mynd er meðalfallþungi 3-5 ára tarfa borinn saman. Bent skal á að léttleiki tarfa á svæði 2 gæti að hluta skýrst að því að fleiri 3 ára dýr eru í úrtakinu en annars staðar. Eftir er að skoða marktækni gagnanna og mun það birtast í lokaútgáfu skýrslunnar í byrjun næsta árs. Fylgjast þarf vel með þróun mála næstu árin til að sjá hvort dýrin haldi áfram að léttast. Í því sambandi er þýðingarmikið að sem flestir veiðimenn vigti bráð sína og safni kjálkum til nákvæmrar aldursgreiningar eða meti aldur dýra út frá sliti jaxla.



8. mynd. Samanburður á meðalfallþunga 3-5 ára tarfa (skv veiðikorti) á svæðum 1-8 árið 2008.

Tekið skal fram að hér hefur ekki verið tekið tillit til tímasetningar á vigtun dýranna en dýrin þyngjast út veiðitímamann. Gengið er út frá því að dreifing felldra dýra á milli ára sé svipuð en þetta þarf að skoða nánar. Sýnt hefur verið fram á að þyngd kúa hefur áhrif á kynþroska, frjósemi, fósturþroska, burðartíma og dánartíðni ungfálfa (Reimers 1983, 1997 og Skogland 1984, 1990).

Kjálkasöfnun

Stjórnun hreindýrastofnsins og ákvörðun veiðikvóta byggir á lágmarkstalningum, nýliðun og aldurs- og kynsamsetningu stofnsins. Upplýsingar um kjálkalengd og fallþunga dýranna gefur þýðingarmiklar upplýsingar um ástand beitolands og jafnvel hvort þéttleiki þeirra í högum sé of mikill.

Víðast hvar þar sem hreindýraveiðum er stjórnað eru veiðimenn hvattir til að skila inn neðri kjálka úr bráðinni. Framtenu eru síðan notaðar til nákvæmrar aldursgreiningar og lengd kjálka mæld. Auk þessa skila menn inn upplýsingum um fallþunga bráðar þar sem því verður við komið. Kjálkalengd og fallþungi endurspeglar þroska dýrsins og þá um leið ástand beitolands og/eða aðgengi að fæðu (Strand og fl. 2006).

Á árunum 1979-1981 var 274 kjálkum úr hreindýrum af öllu Austurlandi safnað og þeir lengdarmældir. Auk þess voru framtenu notaðar til nákvæmrar aldursákvörðunar (Skarphéðinn Þórisson 1983). Náttúrustofa Austurlands stóð fyrir kjálkasöfnun árin 2001-2004. Búið er að aldursgreina kjálka úr veiðinni frá 2001 og byrjað að aldursgreina dýr frá 2002-2004 af svæðum 1 og 2. Sýni úr veiðinni 2005 til 2007 eru tilbúin til aldursgreiningar.

Tryggja þarf að veiðimenn safni kjálkum á komandi árum af svæðum 1 og 2 og vigti bráðina eftir settum reglum. Tannslit, ástand gróður og tíðarfar eru líklega þeir þættir sem helst hafa áhrif á lífslengd heindýra fyrir utan veiðar.

Elsta aldursgreinda kýrin hingað til var 17 vetra en tarfur 12 vetra (Skarphéðinn G. Þórisson 2004) en ólíklegt er að mörg dýr nái svo háum aldri.

Búast má við að þar sem áfok er mikið á gróður geti tannslit aukist og þar með stytta ævi dýranna. Talið er að setfok muni verða úr Hálslónsstæði yfir gróðurlendi austan lónsins og er brýnt að fylgjast með því hvort það auki tannslit dýranna. Til að hægt sé að fylgjast náið með því er nauðsynlegt að safna sem flestum kjálkum úr dýrum sem koma til með að bíta á foksvæði lónsins.

Brýnt er að vinna úr þessum gögnum á næsta ári og tryggja síðan í framtíðinni að það sé gert árlega.

Tillaga um ágangssvæði 2009 og mat á ágangi 2008

Lagt er til að ágangssvæði verði óbreytt frá því sem verið hefur. Athuga að stuðst við hreppaskiptingu eins og hún var fyrir sameiningu sveitarfélaga.

1. Vopnafjarðarhreppur

Lagt til óbreytt ágangsmat.

2. Jökuldalur auk Sellands, Blöndugerðis, Bótar, Flúða, Hlíðar, Heiðarsel og Skóghlíðar.

Án Valbjófsstaðar- og Skriðuklausturlands sem liggur innan sveitarfélagsmarka Norður Héraðs.

Flúðir úr 20% í 25% vegna aukins ágangs. Annað óbreytt.

3. Jökulsárhlíð utan við Selland

Nýbýlið Bláeyri metið með sama ágang og Hlíðargarður sem það er klofið út úr Tangar lækkaðir úr 25% í 20% til samræmis við aðliggjandi jarðir. Annað óbreytt.

4. Hróarstunga utan við Flúðir, Bót, Hlíð, Skóghlíð, Heiðarsel og Blöndugerði

Ágangur óbreyttur.

5. Fellahreppur

Lagt til óbreytt ágangsmat.

6. Fljótsdalshreppur auk lands Valbjófsstaðar og Skriðuklausturs sem liggur í landi Norður Héraðs.

Lagt til óbreytt ágangsmat.

7. Borgarfjarðarhreppur

Lagt til óbreytt ágangsmat.

8. Hjaltastaðapinghá

Víðastaðir hækki úr 15% í 20% í takt við aðliggjandi jarðir og aukinn ágang. Drattahalastaðir og Ekra hækki úr 10% í 15% vegna aukins ágangs. Annað óbreytt.

9. Eiðapinghá og bæir inn að Eyvindará (Þuridarstaðir, Dalhús, Miðhús, Steinholt og Eyvindará)

Lagt til óbreytt ágangsmat svo og á öllum eftirfarandi ágangssvæðum.

10. Vellir og jarðir innan Eyvindarár (Egilsstaðir, Kollsstaðagerði og Kollsstaðir)

11. Skriðdalur

12. Seyðisfjörður og Mjóifjörður

13. Norðfjörður og Eskifjörður

14. Reyðarfjörður

15. Breiðdalshreppur

16. Djúpavogshreppur

17. Lón (gamli Bæjarhreppur)

18. Nes (gamli Nesjahreppur)

19. Mýrar og Suðursveit (gamli Mýrar- og Borgarhafnarhreppur)

Heimildir

- Rán Þórarinsdóttir 2005. Sumartalning á Snæfellshjörðinni 2005. *Náttúrustofa Austurland*. Handrit.
- Rán Þórarinsdóttir 2006. Sumartalning á Snæfellshjörðinni 2006. *Náttúrustofa Austurland*. Handrit.
- Reimers, E., L. Villmo, E. Gaare, V. Holthe & T. Skogland 1980. Status of Rangifer in Norway including Svalbard. Pp. 774-785 in: E. Reimers et al. (eds). *Proc. 2nd Int. R/C Symp., Röros, Norw.* Dir. for vilt & ferskvannfisk. Trondheim: 774-785.
- Reimers, Egil 1983. Reproduction in Wild Reindeer in Norway. *Can. J. Zool.* 61:211-217.
- Reimers, Egil 1997. *Rangifer* population ecology: a Scandinavian perspective. *Rangifer* 17:105-118.
- Røed, K. H., A. V. Soldal, and S. Thórisson 1985. Transferrin variability and founder effect in Iceland reindeer, *Rangifer tarandus* L. - *Hereditas* 103: 161-164. Lund, Sweden.
- Skarphéðinn Þórisson 1983. Hreindýrarannsóknir 1979–1981, lokaskýrsla. *Orkustofnun*, OS–83072/VOD–06. 210 bls.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1990. Hreindýratalning 1990. *Menntamálaráðuneytið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1991. Hreindýratalning 1991. *Veidistjóraembættið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1992. Hreindýratalning 1992. *Veidistjóraembættið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1993. Hreindýratalning 5. júlí 1993. *Veidistjóraembættið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1994. Hreindýratalning 9.-10. júlí 1994. *Veidistjóraembættið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1995. Hreindýratalning 1995. *Veidistjóraembættið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1995. Hreindýratalning 1996. *Veidistjóraembættið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1997. Hreindýratalning 1997. *Veidistjóraembættið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1998. Hreindýratalning sumarið 1998. *Veidistjóraembættið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 1999. Hreindýratalning sumarið 1999. *Veidistjóraembættið*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 2000. Hreindýratalning á Snæfellshjörðinni 10. og 11. júlí 2000. *Náttúrustofa Austurland*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson og Inga Dagmar Karlsdóttir 2001. *Ábrif Kárahnjúkavirkunar á íslenska hreindýrastofnunni*. Náttúrustofa Austurlands. NA-36 og LV-2001/023. 122 bls.
- Skarphéðinn G. Þórisson 2002a. Hreindýratalning á Snæfellshjörðinni 5. júlí 2002. *Náttúrustofa Austurland*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 2003b. Hreindýratalning á Snæfellshjörðinni 12. júlí 2003. *Náttúrustofa Austurland*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 2007. Fjöldi og dreifing hreindýra norðan Vatnajökuls 9. júlí 2007 og samanburður við talningar 22. júní og 7. ágúst. *Náttúrustofa Austurland*. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Eiga hreindýr framtíð fyrir sér á Norðausturlandi? *Skotvís*. Fagrit um skotveiðar og útivist. 1. tbl. 14. árg; bls. 31-36.
- Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2004. Hreindýratalning á Snæfellshjörðinni 5. og 7. júlí 2004. *Náttúrustofa Austurland*. Handrit.
- Strand, O., Andersen, R. & Jordhoy, P. 2006. Egenevaluering av overvåkingsprogrammet for villrein. *NINA Rapport 161*. 35 s.

Fylgiskjal 1

Könnun á frjósemi hreindýra á Fljótsdalshéraði 18. apríl og Suðurfjörðum 19. apríl 2008.

Þann 18. apríl 2008 var leitað að hreindýrum á Fljótsdalshéraði úr flugvél, hóparnir myndaðir og einkum horft eftir hlutfalli hyrndra kúa. Flogið var með TF API, flugmaður Jón Egill Sveinsson. Farið frá Egilsstöðum kl 8:15 og lent kl 11:38. Heiðrikja og logn um allt Austurland. Tækifærið notað og myndað mikið og víða, eða frá jökli út að Bjarnarey.

Byrjað var á að leita að dýrum sem gengið hafa einkum í landi Staffells og Flúða og þar í kring undanfarnar vikur, án árangurs. Fyrstu dýrin sem sáust voru tveir fullorðnir tarfar rétt utan við Ormarsstaðaá niður við Fljót. Á túninu út og niður af Hofi voru 199 dýr. Ekki náðust góðar myndir en ljóst að þar voru amk 69 hyrndar kýr, 66 vetrungar, 2 tarfar á öðrum vetri einhyrntir og 36 fullorðnir. Auk þess 26 dýr ógreind. Áberandi var að tarfarnir voru flestir ungir þar sem hníflar sáust varla eða voru litlir.

Ofan við Bessastaðagerði voru þrjú hópar sem fljótlega runnu saman í einn eða alls 471 dýr. Til að fá nothæfar myndir til greiningar voru teknar fjórar myndir að hópnum. Tókst það vel en á þeim voru 518 dýr svo um 50 eru tvítalin en ætti að gefa rétt hlutfall (1. tafla). Erfitt er að skeyta slíkum myndum saman vegna þess að dýrin eru á hlaupum. Einn vetrungur sýndist máttlítill í afturhluta en hélt þó í við hópinn. Gæti þjást af selenskorti.

Heiðin var alhvít og jarðbönn svo dýrin virtust vera einungis í brúnum heiðarinnar. Töluvert af slóðum í brúninni innan við Bessastaðaá inn undir Axará en ekkert þar fyrir innan. Sjö hópar fundust frá Teigsbjargi og inn undir Axará. Ekki var leitað sérstaklega á Múlanum en hópur sást í brúninni gengt Axará. Um hundrað dýr, allt kýr og vetrungar fundust á þessu svæði.

Flogið út Jökuldal að austanverðu og fóru slóðir ekki að sjást fyrr en út við Merki enda fundust dýr þar fljótt. Tveir hópar voru austan við Fossvallabru og mikið af slóðum inn Tunguna að norðanverðu. Slóðir við Hól og Sand og inn undir Tjarnarland. Aðeins fundust nokkrir tarfar við Dratthalastaði en greinilegt spark eftir stóran hóp á svipuðum slóðum. Slóðir eftir nokkra tarfa ofan við Hjartarstaði og beljuhópur ofan við Brennistaði. Að lokum var stór tarfahópur utan við Mýnes skoðaður (2. tafla).

Þann 19. apríl 2008 var leitað að hreindýrum á Suðurfjörðum. Farið frá Egilsstöðum 8:15 á sömu vél og með sama flugmann og lent kl 11:40.

Slóð eftir um 20 dýr í brúninni ofan við Fardagafoss. Flogið út Seyðisfjörð og suður með fjörðum. Í Seyðisfirði tveir hnúfubakar. Í Lóninu fundust 152 dýr og þ.a. helmingur kýr. Af um 240 dýrum í Álftafirði voru um 170 komin inn á Geithelladal, í fjórum hópum, mest kýr á leið á burðarsvæði. Í 96 dýra hópi á Háaás var hyrnd kýr með borða um hálsinn sem Ragnar Eiddsson á Bragðavöllum festi á hana þann 28. janúar er hann losaði hana úr girðingu við Bragðavelli (2. mynd). Þann 30. mars sá Skúli Benediktsson hana í 90 dýra hópi á milli Hamars og Hamarssels.

Mikið af slóðum sást inn allan Hamarsdal inn undir Ytri Bót og þar upp á hjalla sem voru auðir að hluta en enn mikill snjór. Þrátt fyrir allar slóðirnar sáust bara tvær hyrndar kýr og því greinilegt að þær höfðu dreift sér. Samkvæmt Ragnari Eiddssyni á Bragðavöllum misstum við af um 70 dýra hópi ofan og innan við Hamarssel. Niðurstöður talninga á Suðurfjörðum eru sýndar í 3. töflu.

Töluvert af slóðum sást innst undir Saudahlíðum í Geitdal og stuttu síðar sáust sex hyrndar kýr, fimm vetrungar og einn tarfur á öðrum vetri.

		H ♀	K ♀	Vetr.	♂ á 2. v.	♂ 2-ára	x	Samt		
18.4.2008	1	Fell				2		2	v/Fljótið utan v/Ormarsst.á	
	2	Fell	69		66	2	36	26	199	Tún út og niður af Hofi*
	3	Fljótsdalur							471	ofan v/Bessast.g,
		3a	75	9	54	1	5	8	152	
		3b	91	11	58	2	2	11	175	
		3c	44	5	21	1	3	7	81	
		3d	54	3	37	4	3	9	110	
	3	samtals	264	28	170	7	13	35	517	
	4	Fljótsdalur	6		5				11	á brún Teigsbjargs M
	5	Fljótsdalur			11				11	upp af Egilsst í brún
	6	Fljótsdalur	13	2	8				23	upp af Egilsst í brún
	7	Fljótsdalur	5	1	1				7	upp af Egilsst í brún
	8	Fljótsdalur	1		1				2	upp af Egilsst í brún
	9	Fljótsdalur	1	1	2				4	inn við Axará
	10	Fljótsdalur	19	1	9				29	inn við Axará
	11	Fljótsdalur	6		8				14	Múli gengt Axará
		4-11	51	5	45	0	0	0	101	
	12	Jökuldalur	11		1	1	1		14	Merki gengt Arnórsstöðum
	13	Jökuldalur	2		1				3	aðeins utar, Gauksstaðir
	14	Jökuldalur	27	1	18	4	8		58	Skjöldólfsst. á móti Gauksst.
		12-14	40	1	20	5	9	0	75	
	15	Tunga							155	Utan og A við Fossv.brú
		15a	11		6	2			19	
		15b	15	1	10				26	
		15c	7	1	14				22	
		15d	18		21	1			40	
		15e	21		18				39	
	15f	1		1	2	4		8		
	15g	7	1	7		1		16		
	15h	8	3	13				24		
	15i	3	2	12				17		
	15j	1						1		
	15k	9	2	13		1		25		
15	samtals	101	2	102	3	0		208	Utan við Fossvallabrá	
19.4.		Skriðdalur	6		5	1		12	Geitd innst undir Sauðahl.	
20.4.		Fell	86	10	38		6	140	á Skeggjast.túni**	
Samt.			548	46	380	16	28	35	1053	
									942	

*myndir lélegar og því ekki tekið með í útreikningum

**eini hópurinn sem myndaður var á jörðu niðri

1. tafla. Niðurstöður athugana á svæðum 1-2 dagana 18. til 20. apríl 2008 bæði úr lofti og af láði. Hópar í Fljótsdal (471) og í Tungu (155) sýndir í blutum og því tæp 100 dýr tvítalin.

18.4.2008	H ♀	K ♀	Vetr.	♂ á 2. v.	♂ 2-ára	Samt	
Hjaltastþinghá					7	7	v/Dratthalastaði
Eiðaðþinghá	42	4	28		4	78	ofan Brennistaða
Eiðaðþinghá	4	3			86	93	innan v/Mýnes, 35 með veglega hnífla

2. tafla. Hreindýr á svæði 3 og 4 séð í flugtalningu þann 18. apríl 2008.

		Staður	H ♀	K ♀	Vetr.	♂ á 2. v.	♂ 2-ára	Samt	Nánar
19. apríl 2008	1	Lón					5	5	Hvammur
	2	Lón	37	3	9	2	6	57	N við Hvamm v/Þórisdal
	3	Lón	18	4	23		2	47	V Jökulsár nálægt flugv.
	4	Lón	8	3	11			22	neðan við Reyðará
	5	Lón				1	9	10	Hvaldalur
	6	Lón	6		1		4	11	Hvalnesskriður
	7	Álftafj.					4	4	austan Þvottárskriðu
	8	Álftafj.					8	8	N við Þvottá
	9	Álftafj.					13	13	beljur á Starmýrartúni
	10	Álftafj.	19		4	1		24	V við brú á Hofsa
	11	Álftafj.					8	8	við Rannveigastaði
	12	Álftafj.	28	3	23			54	á miðjum Geithelladal
	13	Álftafj.	45	10	40		1	96	Háiás á Geithelladal
	14	Álftafj.	8		3			11	inn og upp af Þormóðshv.
	15	Álftafj.	6		3		8	17	utan við Geithella
	16	Álftafj.					5	5	Blábjörg
	17	Hamarsfj.					5	5	í fjöru S í Hamarsf.
	18	Hamarsfj.					20	20	Yst í Hamarsdal
			175	23	117	4	98	417	


3. tafla. Niðurstöður breindýraleitar frá Lóni yfir í Álfta- og Hamarsfjörð og dali inn af þeim þann 19. mars 2008.

Þegar hlutfall hyrndra kúa er skoðað er það 92% á svæðum 1-2 en 88% á svæðum 7-8. Tekið skal fram að 2-4% kúnna er náttúrulega kollóttar og er hugsanlega munur á milli þessara svæða sem gerir nákvæman samanburð erfiðan. Úrtakið mætti líka vera stærra en líklega var um 40% kúa á hvoru svæði skoðaðar (4. tafla).

2008	Hyrndar ♀	Kollóttar ♀	Samtals	% kelfdar
Sv 1-2	548	46	594*	92
Sv 7-8	175	23	198*	88

*hluti tvítalinn

4. tafla. Hlutfall hyrndra kúa samkvæmt talningum 18. og 19. apríl á svæðum 1-2 og 7-8.



1. mynd. Hlutfall hyrndra kúa í vetrarlok á svæðum 1 og 2.

Á fyrstu mynd er frjósemin borin saman í gegnum tíðina í Snæfellshjörðinni. Þar sést að gegnumsneitt er frjósemi mikil en þó aldrei hærri en nú.

2008	♀	Vetrungar	Vetrungar per 100 ♀
Sv 1-2	594	380	64
Sv 7-8	198	117	59

5. tafla. Fjöldi vetrunga á hverjar 100 kýr samkvæmt talningum 18. og 19. apríl á svæðum 1-2 og 7-8.

Í fimmtu töflu er fjöldi vetrunga á hverjar hundrað kýr kannaður og þar kemur einnig fram munur á milli svæðana og þá í samræmi við frjósemina. Skoða þarf nánar hvort munurinn er marktækur.



2. mynd. Merkt kýr á Háás í Geithelladal þann 19. apríl 2008.

Fylgiskjal 2

Fjöldi og dreifing hreindýra N Vatnajökuls 5. júlí 2008 og samanburður við talningu 9. júlí 2007

Farið var í loftið 13¹⁰ frá Egilsstöðum á TF KLÓ, flugmaður Jóhann Óli Einarsson og aðstoðarmenn Jón Ingi Sigbjörnsson og Jón Ágúst Jónsson. Fella- og Fljótsdalsheiði og Vesturöræfi leituð og lent á Egilsstöðum kl 16²⁰ (1. mynd).

Farið aftur í loftið kl 17¹⁵ og leitað á vestasta hluta Hrauna, á Múla, Undir Fellum og í Kringilsárrana og Sauðafelli. Lent á Egilstöðum 19³⁵ (2. mynd). Alls flogið í fimm og hálf klukkustund. Veður gott til flugs og myndatöku, hæg sunnan og léttskýjað nálægt jökli en hálfskýjað út á heiðum.


Megnið af hreindýrunum voru nú dreifð um austanverða Fella- og Fljótsdalsheiði utan við Gilsárvotn. Hafa þau ekki verið áður svo mörg á þessu svæði í sumartalningum. Eins og áður fundust fá dýr austan Snæfells og á Vesturöræfum. Í Kringilsárrana fundust 60 færri kýr og kálfar en í fyrra og tarfana vantaði þar að mestu eins og 2007 (1. tafla, 1. og 2. mynd). Reiknað er með að fækkunin þar stafi af því að færri hreindýr komu inn á Brúardali utan af Jökuldals- og Tunguheiði en áður.

9. júlí 2007				Staður	5. júlí 2008			
Kýr/ungdýr	Kálfar	Tarfur	Samt.		Samt.	Tarfur	Kálfar	Kýr/ungdýr
34	5	316	355	Jökuldalsheiði				
146	110	1	257	Vestan Jöklu	197	6	74	117
1	1		2	Vesturöræfi	31*	5	6	20
1	1		2	Undir Fellum	41	0	12	29
10	5		15	Múli	0	0	0	0
1448	805	271	2524	Fella- og Fljótsdalsheiði	2293	94	807	1392
